

**Rannsóknir á seiðastofnum  
í Vatnsdalsá árið 2006**

**Bjarni Jónsson, Eik Elfarsdóttir  
og Karl Bjarnason**

**Skagafirði 2006**

**VMST-N/0607**



**Veiðimálastofnun Norðurlandsdeild**

**Sæmundargata 1, 550 Sauðárkrókur. Sími: 580-6340, Bréfsími:580-6342  
Veffang: [www.veidimal.is](http://www.veidimal.is) Netfang: [nordurlandsdeild@veidimal.is](mailto:nordurlandsdeild@veidimal.is)**

## Rannsóknir á Vatnsdalsá 2006

### Samantekt

Stofnar laxaseiða á Vatnasvæði Vatnsdalsár hafa verið að vaxa verulega síðastliðin ár eftir þá lægð sem laxastofnarnir voru í. Þéttleiki laxaseiða hefur aukist jafnt og þétt frá árinu 2003 og í rannsóknaveiðum 2006 reyndist hann vera sá langmesti sem sést hefur í ánni frá upphafi rannsókna 1984. Seiðin eru einnig mjög vel dreifð um ána, vorgömul og eins árs seiði veiddust á öllum rafveiðistöðum í töluverðum eða mjög miklum þéttleika, tveggja ára seiði fundust á öllum stöðum nema einum og í sérstaklega miklum þéttleika í efri hluta árinna. Ekki varð vart við þriggja ára seiði á neðstu tveimur stöðunum en annarsstaðar í ánni var nokkuð af þeim. Sá árgangur hefur að mestu gengið til sjávar vorið 2006.

Þrátt fyrir að þéttleiki og ástand seiða hafi verið einstaklega gott í efri hluta vatnasvæðisins síðustu ár hefur seiðabúskapur verið fremur dapur á rafveiðistöðum í neðri hluta Vatnsdalsár mörg undanfarin ár. Seiðastofnar á þessum svæðum eru nú heldur betur að hjarna við.

Árgangar laxaseiða hafa skilað sér mjög vel milli ára. Þrátt fyrir minni vöxt sumarið 2006 en sumrin á undan munu seiðin sem voru þriggja ára haustið 2006 langflest ganga til sjávar vorið 2007 og allnokkur hluti þeirra sem þá voru tveggja ára. Ljóst er að ganga seiða úr ánni verður talsvert stærri vorið 2007 en árin þar á undan. Ganga seiða var þó mjög góð vorið 2006. Talsverður hluti þeirra ætti að skila sér sem smálaxar í veiði sumarsins 2007. Allt stefnir því í að hrygningarárgangurinn frá haustinu 2003 muni geta skilað einni stærstu göngu seiða úr Vatnsdalsá sem við höfum séð síðastliðin 20 ár. Gangan mun þó dreifast tvö ár.

Frá því skipulegar rannsóknir hófust á lífríki og fiskistofnum Vatnsdalsár 1984 hefur þéttleiki náttúrulegra laxaseiða aldrei mælst viðlíka á vatnasvæðinu og sumarið 2006. Þrátt fyrir mikið magn reyndust seiðin vaxa vel og vera í góðum holdum. Eftir þá sögulegu lægð sem laxastofnar árinna voru í um það leiti sem breytt var veiðifyrirkomulagi í ánni og tekið upp “veiða sleppa” fyrirkomulag hafa stofnarnir rækilega rétt úr kútnum. Þetta hefur gerst þrátt fyrir á köflum slakar heimtur úr hafi og hnignun stórlaxa í íslenskum ám. Laxveiðin sumarið 2006 var ein sú mesta sem verið hefur í Vatnsdalsá undanfarin 25 ár og seiðagöngur síðustu tveggja ára og sterkir árgangar í ánni nú benda til þess að hér verði framhald á. Ef vel árar gætu jafnvel orðið metgönguseiðaárgangar úr Vatnsdalsá á næstu tveimur árum. Á sama tíma er staða sjóbleikjustofna vatnasvæðisins með lakasta móti en þeim mun meiri vöxtur sjóbirtingsstofna.

Horfurnar eru bjartar í Vatnsdalsá og má tengja þann mikla viðsnúning sem orðið hefur við breytt veiðifyrirkomulag og minna veiðiálag því samfara. Vatnsdalsáin er fyrsta laxveiðiáin á landinu þar sem skipt var alveg yfir í veiða sleppa fyrirkomulag og hefur mikið verið til hennar horft með árangur og reynslu af þeim aðgerðum. Óhætt er að segja að vel hafi tekist til í Vatnsdalsá.

## **Inngangur og aðferðir**

Í byrjun september 2006 var rafveitt í Vatnsdalsá og hliðarám hennar. Rafveiðarnar eru liður rannsóknum á seiðastofnum ána og hafa farið fram á vatnasvæðinu á hverju sumri síðan 1984. Markmið þessara rannsókna er að fá yfirlit yfir árgangastyrkleika, útbreiðslu, afkomu og vöxt seiða í ánni og geta borið þessa þætti saman milli ára. Á grundvelli þessara upplýsinga er lagt mat á heildarástand fiskistofna á vatnasvæði Vatnsdalsár.

Rafveitt var á flestum sömu athugunarstöðum og síðastliðin ár, sjö stöðum í Vatnsdalsá, tveimur í Álku og einum stað í Hólkotskvísl, Vaglakvísl, Tunguá og Kornsa. Stærð rafveiðistaða var á bilinu 138 – 390 m<sup>2</sup> en hún var minni á stöðum þar sem meira virtist af seiðum eða að aðstæður í ánni leyfðu ekki stærra veiðisvæði. Veidd var ein yfirferð á hverjum stað. Rafveiðistaðir eru valdir með það fyrir augum að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Því er veitt sem víðast á vatnasvæðinu og rafveiðum valdir staðir eins og kostur er á stöðum sem einkennandi eru fyrir einstaka árkafla.

Þéttleiki var reiknaður út frá fjölda seiða í hverjum árgangi á hverjum stað þar sem stærð veiðisvæðis er þekkt, gefur þetta aðeins seiðavísitölu en ekki heildarfjölda seiða:  $\text{þéttleiki} = (\text{fjöldi seiða} / \text{stærð veiðisvæðis m}^2) * 100 \text{m}^2$  (tölur 1-3).

Öll seiði sem veiddust voru lengdarmæld og vigtuð áður en þeim var sleppt aftur í ána. Meðallengd og -þyngd laxa,- bleikju- og urriðaseiða var reiknuð ásamt ástandsstuðlum fyrir hvern árgang á hverjum athugunarstað (tölur 4 – 12). Ástandsstuðullinn er reiknaður út frá lengd og þyngd hvers seiðis og segir til um holdafar þess:  $\text{ástandsstuðull} = (\text{þyngd (gr)} / \text{lengd}^3 \text{ (cm)}) * 100$ .

Einnig var reiknuð út vísitala lífþyngdar allra árganga á hverjum athugunarstað út frá meðalþyngd hvers árgangs á hverjum stað og þéttleika sama árgangs á sama stað:  $\text{lífþyngd á } 100 \text{m}^2 = \text{meðalþyngd (gr)} * \text{þéttleiki á } 100 \text{m}^2$  (tölur 13-15).

Heildarþéttleiki seiðaárganga allra fisktegundanna í ánum var tekinn saman fyrir árin 2001-2006 (tölur 16-21). Til samanburðar voru tvær mismunandi aðferðir notaðar við útreikningana. Aðferð A: allar stöðvar vega jafnt, óháð stærð þeirra. Þar er þéttleiki seiða reiknaður á hverri stöð fyrir sig og meðaltal tekið af þéttleika stöðvanna (tölur 16-18). Aðferð B: stærð rafveiðistaða hefur áhrif á hlutdeild einstakra rafveiðistaða af heild ( $=(\text{heildarfjöldi seiða í ánni}/\text{heildarflatarmál veiðisvæðis } m^2) * 100m^2$ ) (tölur 19-21).

Gögn um meðallengd allra árganga laxa-, bleikju- og urriðaseiða í rafveiðum í Vatnsdalsárkerfinu árin 2001 – 2006 voru einnig tekin saman (tölur 22-24). Ekki var byrjað að vigta seiði í vatnakerfinu fyrr en haustið 2002 svo aðeins var unnt að taka saman meðalþyngd, ástandsstuðla og lífþyngd seiðanna árin 2002-2006 (tölur 25-33).

## **Niðurstöður rafveiða**

### *Vatnsdalsá*

Á efsta rafveiðistaðnum í Vatnsdalsá, rétt neðan við Dalsfoss (staður 1, mynd 1) veiddust fjórir árgangar laxaseiða, vorgömul til þriggja ára. Þéttleiki allra árganganna var töluverður en mest reyndist vera af eins árs seiðum og minnst af þeim þriggja ára (tafla 1, mynd 2a). Hvorki veiddust bleikju- né urriðaseiði þarna haustið 2006 (tölur 2 og 3).

Fyrir ofan Stekkjarfoss (staður 2, mynd 1) fundust vorgömul og þriggja ára laxaseiði í nokkrum þéttleika en meira var af eins- og tveggja ára seiðunum (tafla 1, mynd 2a). Vart varð við eins árs bleikjuseiði (tafla 2, mynd 8) en engin urriðaseiði (tafla 3).

Neðan Forsæludals (staður 3, mynd 1) reyndist vera mikið af eins árs laxaseiðum, töluvert af tveggja ára seiðum en minna af bæði vorgömlum og þriggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2a). Engin bleikjuseiði sáust (tafla 2) en fjórir árgangar urriðaseiða veiddust, vorgömul til þriggja ára, mest var af eins árs seiðunum en minnst af vorgömlum (tafla 3, mynd 10).

Rétt ofan ármóta Vatnsdalsár og Álku var veitt að venju (staður 5, mynd 1). Töluverður þéttleiki var þar af vorgömlum, eins- og tveggja ára laxaseiðum auk þess sem vart varð við þriggja ára seiði (tafla 1, mynd 2a). Á þessum stað veiddust aðeins eins- og tveggja ára laxaseiði í rafveiðunum 2005 (Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir VMST-N/0502). Nokkuð var um vorgömul bleikju- og urriðaseiði á þessum stað í rafveiðunum 2006 auk þess sem eins árs urriðaseiði fundust (töflur 2 og 3, myndir 8 og 10).

Rafveiðistaður 7 er rétt ofan ármótanna við Gilá (mynd 1), þar fundust eins árs laxaseiði í miklum þéttleika en einnig var nokkuð af vorgömlum, tveggja- og þriggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2a). Mjög mikið fannst af vorgömlum bleikjuseiðum og vottur af eins árs seiðum (tafla 2, mynd 8). Einnig var töluvert um vorgömul urriðaseiði á þessum stað auk þess sem vart varð við eins árs seiði (tafla 3, mynd 10).

Á móts við Hof (staður 8, mynd 1) veiddist nokkuð af bæði vorgömlum og eins árs laxaseiðum í rafveiðunum 2006 (tafla 1, mynd 2b). Haustið 2005 hinsvegar fannst þarna aðeins vottur af vorgömlum seiðum (Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir VMST-N/0502). Þéttleiki vorgamalla bleikju- og urriðaseiða var einnig töluvert meiri en árið áður en það voru einu árgangar bleikju og urriða sem veiddust eins og þá (töflur 2 og 3, myndir 8 og 10).

Neðsti rafveiðistaður Vatnsdalsár var neðan Skriðuvaðs (staður 9, mynd 1). Þrír árgangar laxaseiða veiddust þar nú, langmest var af eins árs seiðum, vorgömul seiði voru í nokkuð miklum þéttleika en einnig fundust þar tveggja ára seiði (tafla 1, mynd 2b). Engin bleikjuseiði veiddust við Skriðuvaðið en vart varð við eins árs urriðaseiði (töflur 2 og 3, mynd 10).

### *Álka*

Ekki var veitt fyrir ofan Einvígisfoss í Álku að þessu sinni en neðst í gilinu (staður 2, mynd 1) veiddist mikið af eins árs laxaseiðum auk vorgamalla, tveggja- og þriggja ára seiða (tafla 1, mynd 3). Hvorki veiddust þar bleikju- né urriðaseiði (töflur 2 og 3).

Neðan brúar í Álku (staður 3, mynd 1) fannst gífurlegur þéttleiki eins árs laxaseiða, mjög mikið af tveggja ára seiðum auk þess sem þéttleiki vorgamalla og þriggja ára

seiða var töluverður (tafla 1, mynd 3). Í rafveiðunum 2005 veiddist þarna mikið af eins árs seiðum en mun minna af vorgömlum, tveggja- og þriggja ára seiðum (Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir VMST-N/0502). Bleikjuseiðin sem veiddust voru eins- og fjögurra ára (tafla 2, mynd 9) en einnig fannst vottur af tveggja ára urriðaseiðum (tafla 3, mynd 11).

#### *Hólkotskvísl*

Veitt var á stöð 5 í Hólkotskvísl sem er rétt ofan ármóta hennar við Vaglakvísl (mynd 1) og fundust þar nú aðeins fjögur mjög stór tveggja ára laxaseiði (tafla 1, mynd 4). Haustið 2005 veiddust á þessum stað þrjár laxar, eins-, tveggja- og fjögurra ára (Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir VMST-N/0502).

#### *Vaglakvísl*

Í Vaglakvísl (staður 3, mynd 1) reyndust eins árs laxaseiði vera í mjög miklum þéttleika, töluvert var af vorgömlum og tveggja ára seiðum auk þess sem þriggja ára seiði veiddust (tafla 1, mynd 5). Engin bleikjuseiði fundust (tafla 2) en þrjár árgangar urriðaseiða, vorgömul, eins- og tveggja ára (tafla 3, mynd 12).

#### *Tunguá*

Mesti þéttleiki vorgamalla laxaseiða sem fannst í Vatnsdalsá og hliðarám hennar haustið 2006 var í Tunguá (staður 2, mynd 1), þar var einnig næstmesti þéttleiki eins árs seiða, töluvert af tveggja ára seiðum auk þess sem eitt þriggja ára seiði veiddist (tafla 1, mynd 6). Vorgömul urriðaseiði voru þar einnig í miklum þéttleika en minna fannst af bæði eins- og tveggja ára urriðaseiðum (tafla 3, mynd 13).

#### *Kornsa*

Í Kornsa (staður 4, mynd 1) veiddust þrjár árgangar laxaseiða, vorgömul til tveggja ára. Mest reyndist vera af eins árs seiðunum (tafla 1, mynd 7). Þéttleiki vorgamalla urriðaseiða var nokkur auk þess sem eins árs seiði veiddust (tafla 3, mynd 14).

#### *Stærð, vöxtur og magn seiða*

Laxaseiðin í Vatnsdalsá og hliðarám hennar voru nokkuð minni og léttari í rafveiðunum 2006 en árin þar á undan en tíðarfar var þá óvenjugott og vöxtur seiða eftir því (töflur 22a, 22b og 25). Þrátt fyrir hægari vöxt nú er ástand þeirra og

holdafar mjög gott og ástandsstuðlar í flestum tilfellum vel yfir viðmiðunargildi sem er 1 fyrir laxaseiði (töflur 6 og 28). Laxaseiðin voru einna stærst á stað 9 í Vatnsdalsá og neðst í Álku en ástandsstuðlar hæstir á tveimur neðstu stöðunum í Vatnsdalsá, sér í lagi ef horft er til yngri seiðanna (töflur 4 – 6). Sömu sögu er að segja af bæði bleikju- og urriðaseiðunum, þau eru minni og léttari en síðustu ár en holdafar þó mjög gott (töflur 7 – 12, 23 – 24, 26 – 27 og 29 – 30).

Þéttleiki laxaseiða í Vatnsdalsá og hliðarám hennar hefur aukist verulega undanfarin ár (tafla 16). Þéttleiki eins- og tveggja ára seiða var áberandi mikill í flestum ánum í rafveiðum 2006 en einnig var töluvert af vorgömlum og þriggja ára seiðum (tafla 16). Allir árgangarnir fjórir eru að auki mjög vel dreifðir um árnar (tafla 1). Bleikjuseiði eru ekki mjög áberandi í ánum í Vatnsdal en magn þeirra helst nokkuð jafnt milli ára (tafla 17). Urriðaseiði hafa hinsvegar verið í töluverðri sókn síðustu árin og þá helst um miðbik Vatnsdalsár, í Vaglakvísl, Tunguá og Kornsa (töflur 3 og 18).

Vísitala lífþyngdar er reiknuð út frá þéttleika seiða og þyngd þeirra og vega því stærri seiði meira en þau minni við slíka útreikninga. Lífþyngd laxaseiða í Vatnsdalsá og hliðarám hennar reyndist vera mjög mikil við rafveiðarnar 2006, rúmlega helmingi meiri en 2005, og munar þar mestu um mikinn þéttleika eins- og tveggja ára seiða (töflur 16 og 31). Töluverð aukning varð í lífþyngd milli ára í Vatnsdalsá, Álku, Hólkotskvísl og Tunguá en minnkun í Vaglakvísl og Kornsa þar sem lífþyngd var mikil árið áður. Í Hólkotskvísl var þó aðeins um að ræða fjögur mjög stór seiði en lítinn þéttleika. Mest lífþyngd eins-, tveggja- og þriggja ára laxaseiða í vatnakerfinu reyndist vera á neðstu stöðinni í Álku auk þess sem nokkuð var þar af vorgömlum seiðum (tafla 13). Lífþyngd vorgamalla seiða var hinsvegar mest á neðstu stöðinni í Vatnsdalsá við Skriðuvað (tafla 13). Lífþyngd bleikjuseiða var mest á stöð 3 í Álku (tafla 14) og helst nokkuð svipuð milli ára í vatnakerfinu (tafla 32). Á stöð 3 í Vatnsdalsá var langmest lífþyngd urriðaseiða sem skýrist að miklu leyti af stórum seiðum (tafla 15). Lífþyngd urriða hefur aukist töluvert í ánum undanfarin ár í takt við aukningu á þéttleika þeirra (töflur 18 og 33).



## Veiðin 2006

Á silungasvæðinu í Vatnsdalsá veiddust 84 laxar (tafla 34) og er það rétt undir meðaltali síðustu 6 ára. Rúm 80% þeirra voru smálaxar (höfðu verið 1 ár í sjó) og voru flestir þeirra hængar (töflur 35 og 36) um 2-3 kg að þyngd (myndir 15 og 16). Þyngsti laxinn sem veiddist var 8,5 kg hængur (myndir 15 og 16). 447 bleikjur veiddust á silungasvæðinu (tafla 34) sem er mun minna en árin á undan. Bleikjurnar voru flestar um 0,5-1 kg að þyngd (mynd 15). Veiðin dreifðist nokkuð um tímabilið en var mest í lok júní og byrjun júlí (mynd 17). Aldrei hafa eins margir urriðar veiðst í ánni og á silungasvæðinu náðust nú 1164 urriðar (tafla 34) flestir frá miðjum maí fram í byrjun júlí þó veiði væri einnig töluverð í ágúst og september (mynd 17).

Veiði á laxasvæðinu var mjög góð, 936 laxar veiddust og var langflestum þeirra sleppt aftur. Einnig veiddust þar 277 bleikjur og 403 urriðar (tafla 37). Laxarnir voru flestir smálaxahængar en töluvert var einnig af stórlaxahrygnum (tafla 39). Stærstu laxarnir voru 10,0 og 10,5 kg hængar en flestir voru þeir um 2,5-3,5 kg að þyngd (myndir 18 og 19). Laxveiðin var mest frá miðjum júlí og út september (mynd 20). Bleikju- og urriðaveiðin var nokkuð dreifð um veiðitímabilið en þó ívið meiri seinnihluta þess (mynd 20). Bleikjurnar voru langflestar um 1 kg að þyngd en urriðarnir 1-1,5 kg (mynd 18).

Í heild veiddust 1020 laxar á vatnasvæði Vatnsdalsár sumarið 2006, sem er þriðja mesta veiði í ánni frá 1988 (Guðni Guðbergsson VMST-R/0606) og var tæpum 88% laxanna sleppt aftur í ánni (tafla 40). Aðeins veiddust 724 bleikjur á vatnasvæðinu sem er minnsta bleikjuveiði síðan 1989 en urriðaveiðin var hinsvegar sú mesta á árunum 1987 – 2006 eða 1567 urriðar (tafla 40 og Guðni Guðbergsson VMST-R/0606). Þyngdardreifing og veiði eftir vikum fyrir vatnakerfið í heild er sýnd á myndum 21 – 23).

## Umræða

### Umræður um niðurstöður rafveiða

#### *Vatnsdalsá*

Stofnar laxaseiða í Vatnsdalsá hafa verið að vaxa verulega síðastliðin ár eftir þá lægð sem laxastofnar árinna voru í. Þéttleiki laxaseiða hefur aukist jafnt og þétt frá árinu 2003 og í rafveiðunum 2006 reyndist hann vera sá langmesti sem sést hefur í ánni frá upphafi rannsókna 1984. Seiðin eru einnig mjög vel dreifð um ána, vorgömul og eins árs seiði veiddust á öllum rafveiðistöðum í töluverðum eða mjög miklum þéttleika, tveggja ára seiði fundust á öllum stöðum nema við Hof og sérstaklega í miklum þéttleika í efri hluta árinna. Ekki varð vart við þriggja ára seiði á neðstu tveimur stöðunum en annarsstaðar í ánni var nokkuð af þeim. Sá árgangur hefur að mestu gengið til sjávar vorið 2006.

Þrátt fyrir að þéttleiki og ástand seiða hafi verið einstaklega gott í efri hluta vatnasvæðisins síðustu ár hefur seiðabúskapur verið fremur dapur á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá neðan Álku mörg undanfarin. Seiðastofnar á þessum svæðum eru nú heldur betur að hjarna við. Í rafveiðunum 2006 voru seiðastofnar í neðri hluta árinna orðnir frekar sterkir þó elstu árgangana vanti við Hof.

Árgangar laxaseiða hafa skilað sér mjög vel milli ára. Þrátt fyrir minni vöxt sumarið 2006 en sumrin á undan munu seiðin sem voru þriggja ára haustið 2006 langflest ganga til sjávar vorið 2007 og hluti þeirra sem þá voru tveggja ára. Ljóst er að ganga seiða úr ánni verður talsvert stærri vorið 2007 en árin þar á undan. Ganga seiða var þó mjög góð vorið 2006. Talsverður hluti þeirra ætti að skila sér sem smálaxar í veiði sumarsins 2007. Allt stefnir því í að hrygningarárgangurinn frá haustinu 2003 muni geta skilað einni stærstu göngu seiða úr Vatnsdalsá sem við höfum séð síðastliðin 20 ár. Gangan mun þó dreifast tvö ár.

#### *Álka*

Seiðabúskapur Álku var mjög góður sumarið 2006. Töluvert meira magn laxaseiða af öllum árgöngum fannst bæði í gilinu og neðan við brúna en haustið 2005, en ekki var veitt fyrir ofan Einvígisfoss að þessu sinni. Fyrir neðan Álkubrúna var mesti þéttleiki

laxaseiða á vatnakerfi Vatnsdalsár í rafveiðunum 2006. Seiði hafa undanfarin ár vaxið mjög vel í ám á Norðurlandi vegna góðs tíðarfars og því gengið fyrir til sjávar en áður. Sumarið 2006 gekk sú þróun hinsvegar nokkuð til baka aftur og því mun ekki eins mikið af seiðum ganga til sjávar úr Álku eins og annars hefði orðið. Gangan verður þó mjög góð þar sem mikið var af þriggja ára seiðum í ánni og talsvert mun fara af tveggja ára seiðunum. Einnig horfir einstaklega vel í þeim málum næstu árin ef seiði halda áfram að skila sér eins vel milli ára og raunin hefur verið að undanfögnu.

#### *Vaglakvísl, Hólkotskvísl, Tunguá og Kornsa*

Eins og í Vatnsdalsá og Álku er ástand laxaseiðastofna í hinum ánum á vatnasvæðinu nokkuð gott. Í Vaglakvísl veiddist mjög mikið af vorgömlum og eins árs laxaseiðum auk þess sem töluvert var af tveggja- og þriggja ára seiðum. Greinilegt er að hrygning í eða við Vaglakvíslina er orðinn árviss viðburður og hefur tekist mjög vel síðustu ár.

Í Hólkotskvísl virðist hrygning hinsvegar ekki hafa tekist síðan haustið 2003 en nokkur hrygning var þar það haust sem og 2002 en þá varð í fyrsta skipti vart við hrygningu laxa í ánni. Einu seiðin sem veiddust í Hólkotskvíslinni í rafveiðunum 2006 voru mjög stór tveggja ára laxaseiði úr hrygningunni 2003. Önnur seiði eru gengin til sjávar.

Þéttleiki vorgamalla, eins- og tveggja ára laxaseiða í Tunguá var mjög mikill, mun meiri en áður hefur sést og hefur þó oft verið mikill síðustu árin. Ganga seiða úr ánni verður góð vorið 2007 en þó ekki eins stór og árin á undan. Einnig var í Tunguá mjög mikið af urriðaseiðum og hefur verið töluvert aukning þeirra í ánni undanfarin ár.

Í Kornsa hefur þéttleiki urriðaseiða einnig verið að aukast og var mjög mikið af vorgömlum urriðaseiðum þar 2006. Ekki var hinsvegar eins mikið af laxaseiðum að finna í Kornsa og haustið 2005 en töluvert þó og þá langmest af eins árs seiðum en sá árgangur var gífurlega sterkur í öllu vatnakerfinu.

#### **Breytingar á samsetningu fisktegunda**

Mikil umskipti eru að verða í samsetningu fisktegunda á neðri hluta vatnasvæðisins. Bleikja og sértaklega sjóbleikjan á undir högg að sækja eins og víðar í ám og vötnum

á landinu, en á sama tíma er urriði og sjóbirtingur í mikilli sókn og víða með því mesta sem menn hafa séð. Seiðastofnar laxa hafa aldrei verið sterkari frá því að rannsóknir hófust í ánni. Aðrar fisktegundir á vatnsvæðinu eru áll og hornsíla. Eitthvað er af ál í neðri hluta árinna og vötnunum sem ánni tengjast. Aukning hefur verið í fjölda hornsíla en magn þeirra hefur ekki verið mælt með reglubundnum hætti þar til síðustu ár samhliða öðrum rannsóknum. Þessar tegundir hafa umtalsverð áhrif á vistsamfélög í Flóðinu og Húnavatni en minni í ánni sjálfri. Þegar sem minnst var af laxaseiðum á Skriðuvaðinu var þar gríðarlegt magn hornsíla og því ljóst að samspil þessara tegunda er meira en almennt hefur verið talið. Telja má líklegt að áhrif þessara tegunda á laxfiska séu mest á bleikjuna. Ný tegund sem á eftir að gera sig heimakomna ef af líkum lætur er ósakoli, ný kolategund við Ísland sem hrygnir í sjó en elst upp á ósasvæðum og neðri hluta ferskvatnskerfa. Tegundin hefur verið að nema land umhverfis Ísland og eykst stofnstærðin mikið ár frá ári. Ef þessi tegund berst á vatnsvæði Vatnsdalsár er líklegt að hún verði mjög áberandi í Húnavatni og nýti sér svæði í ánni allt upp undir Sveinsstaði. Stöku fiskar gætu jafnvel sést svo ofarlega sem Skriðuvað. Landnám ósakola kæmi að öllum líkindum til með breyta vistkerfi neðri hluta vatnsvæðisins verulega og að hafa mjög neikvæð áhrif á sjóbleikjuna sem nú þegar á erfitt uppdráttar á vatnsvæðinu.

### **Almenn umræða**

Frá því skipulegar rannsóknir hófust á lífríki og fiskistofnum Vatnsdalsár 1984 hefur þéttleiki náttúrulegra laxaseiða aldrei mælst viðlíka á vatnsvæðinu og sumarið 2006. Þrátt fyrir mikið magn reyndust seiðin vaxa vel og vera í góðum holdum. Eftir þá sögulegu lægð sem laxastofnar árinna voru í um það leiti sem breytt var veiðifyrirkomulagi í ánni og tekið upp “veiða sleppa” fyrirkomulag hafa stofnarnir rækilega rétt úr kútnum. Þetta hefur gerst þrátt fyrir að á köflum hafi verið slakar heimtur úr hafi og hnignun stórlaxa í íslenskum ám. Laxveiðin sumarið 2006 var ein sú mesta sem verið hefur í Vatnsdalsá undanfarin 25 ár og seiðagöngur síðustu tveggja ára og sterkir árgangar í ánni nú benda til þess að hér verði framhald á. Ef vel árar gætu jafnvel orðið metgönguseiðaárgangar úr Vatnsdalsá á næstu tveimur árum. Á sama tíma er staða sjóbleikjustofna vatnsvæðisins með lakasta móti en þeim mun meiri vöxtur sjóbirtingsstofna.

Horfurnar eru bjartar í Vatnsdalsá og má tengja þann mikla viðsnúning sem orðið hefur við breytt veiðifyrirkomulag og minna veiðiálag því samfara. Vatnsdalsáin er fyrsta laxveiðiáin á landinu þar sem skipt var alveg yfir í veiða sleppa fyrirkomulag og hefur mikið verið til hennar horft með árangur og reynslu af þeim aðgerðum. Óhætt er að segja að vel hafi tekist til í Vatnsdalsá.

**Tafla 1:** Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám sumarið 2006.

Staður nr.	Stærð svæðis (m <sup>2</sup> )	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Vatnsdalsá-staður 1	140	7,14	35,00	13,57	4,29	
Vatnsdalsá-staður 2	196	2,55	7,14	6,63	2,55	
Vatnsdalsá-staður 3	156	2,56	19,23	9,62	1,92	
Vatnsdalsá-staður 5	242	6,20	7,85	6,61	0,83	
Vatnsdalsá-staður 7	390	4,62	20,26	2,31	1,28	
Vatnsdalsá-staður 8	312	5,45	2,56			
Vatnsdalsá-staður 9	225	9,78	21,33	1,78		
Álka-staður 2	150	2,67	16,00	6,00	2,67	
Álka-staður 3	160	5,63	49,38	23,75	8,13	
Hólkotskvísl-staður 5	138			2,90		
Vaglakovísl-staður 3	174	5,17	25,86	4,60	1,72	
Tunguá-staður 2	224	11,61	37,50	7,59	0,45	
Kornsá-staður 4	315	1,27	7,94	1,90		

**Tafla 2:** Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám sumarið 2006.

Staður nr.	Stærð svæðis (m <sup>2</sup> )	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Vatnsdalsá-staður 1	140					
Vatnsdalsá-staður 2	196		0,51			
Vatnsdalsá-staður 3	156					
Vatnsdalsá-staður 5	242	2,48				
Vatnsdalsá-staður 7	390	16,41	0,26			
Vatnsdalsá-staður 8	312	3,53				
Vatnsdalsá-staður 9	225					
Álka-staður 2	150					
Álka-staður 3	160		1,25			0,63
Hólkotskvísl-staður 5	138					
Vaglakovísl-staður 3	174					
Tunguá-staður 2	224					
Kornsá-staður 4	315					

**Tafla 3:** Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám sumarið 2006.

Staður nr.	Stærð svæðis (m <sup>2</sup> )	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Vatnsdalsá-staður 1	140				
Vatnsdalsá-staður 2	196				
Vatnsdalsá-staður 3	156	0,64	5,13	1,92	2,56
Vatnsdalsá-staður 5	242	4,96	0,41		
Vatnsdalsá-staður 7	390	7,44	0,26		
Vatnsdalsá-staður 8	312	16,67			
Vatnsdalsá-staður 9	225		0,89		
Álka-staður 2	150				
Álka-staður 3	160			0,63	
Hólkotskvísl-staður 5	138				
Vaglaskvísl-staður 3	174	8,05	5,75	1,15	
Tunguá-staður 2	224	15,18	4,46	0,45	
Kornsá-staður 4	315	10,16	2,22		

**Tafla 4:** Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2006.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1	3,88	0,30	10	7,33	0,54	49	10,68	0,52	19	12,42	0,53	6
Vatnsdalsá-st. 2	3,72	0,20	5	6,87	0,36	14	9,85	0,41	13	11,18	0,38	5
Vatnsdalsá-st. 3	3,10	0,22	4	7,94	1,20	30	10,20	0,42	15	11,60	0,69	3
Vatnsdalsá-st. 5	3,98	0,21	15	6,75	0,74	19	9,93	0,46	16	11,10	0,28	2
Vatnsdalsá-st. 7	3,81	0,35	18	6,32	0,55	79	9,64	0,58	9	11,36	0,67	5
Vatnsdalsá-st. 8	3,68	0,21	17	6,04	0,63	8						
Vatnsdalsá-st. 9	4,35	0,29	22	7,10	0,87	48	10,88	0,21	4			
Álka-staður 2	3,73	0,45	4	6,57	0,57	24	9,51	0,52	9	11,33	0,74	4
Álka-staður 3	4,11	0,19	9	7,28	0,64	79	10,30	0,43	38	11,83	0,33	13
Hólkotskvísl-st. 5							15,38	0,96	4			
Vaglakvísl-st. 3	3,69	0,32	9	6,06	0,38	45	9,70	0,50	8	11,40	0,60	3
Tunguá-staður 2	3,39	0,21	26	6,05	0,60	84	9,29	0,86	17	10,90		1
Kornsá-staður 4	3,85	0,31	4	6,07	0,64	25	8,93	0,69	6			
<b>Samtals</b>	3,81	0,41	143	6,70	0,89	504	10,13	1,10	158	11,63	0,62	42



**Tafla 5:** Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2006.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1	0,62	0,20	10	4,35	0,95	49	13,77	2,02	19	21,95	3,40	6
Vatnsdalsá-st. 2	0,44	0,15	5	3,53	0,66	14	10,38	1,37	13	15,18	0,97	5
Vatnsdalsá-st. 3	0,30	0,08	4	5,76	2,48	30	11,53	1,66	15	17,70	3,40	3
Vatnsdalsá-st. 5	0,63	0,14	15	3,35	1,27	19	10,47	1,54	16	16,30	2,55	2
Vatnsdalsá-st. 7	0,64	0,15	18	3,15	0,88	79	11,33	1,87	9	17,94	2,83	5
Vatnsdalsá-st. 8	0,68	0,11	17	3,06	0,94	8						
Vatnsdalsá-st. 9	1,13	0,24	22	4,85	1,63	48	15,90	0,77	4			
Álka-staður 2	0,60	0,22	4	3,63	0,97	24	11,10	2,05	9	18,28	4,68	4
Álka-staður 3	0,70	0,16	9	4,18	1,24	79	11,68	1,65	38	17,65	1,44	13
Hólkotskvísl-st. 5							50,18	10,87	4			
Vaglakvísl-st. 3	0,63	0,22	9	2,91	0,54	45	11,98	1,90	8	19,90	3,40	3
Tunguá-staður 2	0,45	0,10	26	2,82	0,86	84	10,59	2,95	17	16,00		1
Kornsá-staður 4	0,75	0,21	4	2,86	0,93	25	9,07	2,05	6			
<b>Samtals</b>	0,67	0,27	143	3,69	1,45	504	12,51	6,66	158	18,13	3,09	42

**Tafla 6:** Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2006 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1	1,03	0,18	10	1,09	0,06	49	1,12	0,07	19	1,14	0,09	6
Vatnsdalsá-st. 2	0,84	0,21	5	1,08	0,06	14	1,08	0,05	13	1,09	0,05	5
Vatnsdalsá-st. 3	1,02	0,30	4	1,07	0,06	30	1,08	0,06	15	1,13	0,03	3
Vatnsdalsá-st. 5	0,98	0,12	15	1,05	0,07	19	1,06	0,05	16	1,19	0,10	2
Vatnsdalsá-st. 7	1,14	0,07	18	1,22	0,06	79	1,25	0,04	9	1,22	0,05	5
Vatnsdalsá-st. 8	1,36	0,12	17	1,36	0,08	8						
Vatnsdalsá-st. 9	1,36	0,10	22	1,32	0,07	48	1,24	0,02	4			
Álka-staður 2	1,11	0,08	4	1,25	0,04	24	1,28	0,08	9	1,24	0,07	4
Álka-staður 3	0,99	0,14	9	1,06	0,06	79	1,06	0,07	38	1,07	0,06	13
Hólkotskvísl-st. 5							1,37	0,10	4			
Vaglakvísl-st. 3	1,23	0,11	9	1,29	0,07	45	1,30	0,08	8	1,33	0,04	3
Tunguá-staður 2	1,13	0,12	26	1,24	0,08	84	1,29	0,11	17	1,24		1
Kornsá-staður 4	1,29	0,12	4	1,24	0,05	25	1,26	0,10	6			
<b>Samtals</b>	<b>1,16</b>	<b>0,19</b>	<b>143</b>	<b>1,19</b>	<b>0,12</b>	<b>504</b>	<b>1,15</b>	<b>0,12</b>	<b>158</b>	<b>1,15</b>	<b>0,10</b>	<b>42</b>

**Tafla 7:** Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi bleikjuseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2006.

Staður nr.	0+			1+			4+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1									
Vatnsdalsá-st. 2				9,80		1			
Vatnsdalsá-st. 3									
Vatnsdalsá-st. 5	5,08	0,29	6						
Vatnsdalsá-st. 7	4,14	0,48	64	7,80		1			
Vatnsdalsá-st. 8	4,33	0,54	11						
Vatnsdalsá-st. 9									
Álka-staður 2									
Álka-staður 3				9,55	0,64	2	16,00		1
Hólkotskvísl-st. 5									
Vaglakovísl-st. 3									
Tunguá-staður 2									
Kornsá-staður 4									
<b>Samtals</b>	4,23	0,53	81	9,18	0,99	4	16,00		1

**Tafla 8:** Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi bleikjuseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2006.

Staður nr.	0+			1+			4+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1									
Vatnsdalsá-st. 2				8,8		1			
Vatnsdalsá-st. 3									
Vatnsdalsá-st. 5	1,05	0,21	6						
Vatnsdalsá-st. 7	0,75	0,30	64	4,90		1			
Vatnsdalsá-st. 8	0,99	0,39	11						
Vatnsdalsá-st. 9									
Álka-staður 2									
Álka-staður 3				8,55	1,34	2	38,10		1
Hólkotskvísl-st. 5									
Vaglakovísl-st. 3									
Tunguá-staður 2									
Kornsá-staður 4									
<b>Samtals</b>	0,81	0,33	81	7,70	2,02	4	38,10		1

**Tafla 9:** Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir bleikjuseiði sem veiddust í rafveiðum í Vatnsdalsá 2006 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			4+		
	Meðal- ást.- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ást.- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ást.- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1				0,93		1			
Vatnsdalsá-st. 2									
Vatnsdalsá-st. 3									
Vatnsdalsá-st. 5	0,79	0,07	6						
Vatnsdalsá-st. 7	1,01	0,13	64	1,03		1			
Vatnsdalsá-st. 8	1,16	0,09	11						
Vatnsdalsá-st. 9									
Álka-staður 2									
Álka-staður 3				0,98	0,04	2	0,93		1
Hólkotskvísl-st. 5									
Vaglakvísl-st. 3									
Tunguá-staður 2									
Kornsá-staður 4									
<b>Samtals</b>	1,02	0,14	81	0,98	0,05	4	0,93		1

**Tafla 10:** Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi urriðaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2006.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1												
Vatnsdalsá-st. 2												
Vatnsdalsá-st. 3	4,00		1	8,53	0,54	8	10,20	0,95	3	14,48	1,08	4
Vatnsdalsá-st. 5	4,50	0,25	12	7,60		1						
Vatnsdalsá-st. 7	4,26	0,29	29	7,30		1						
Vatnsdalsá-st. 8	3,87	0,32	52									
Vatnsdalsá-st. 9				8,70		2						
Álka-staður 2												
Álka-staður 3							10,40		1			
Hólkotskvísl-st. 5												
Vaglaskvísl-st. 3	4,19	0,44	14	7,78	0,63	10	9,50		2			
Tunguá-staður 2	3,90	0,35	34	8,19	0,76	10	14,40		1			
Kornsá-staður 4	4,17	0,21	32	7,30	0,43	7						
<b>Samtals</b>	<b>4,07</b>	<b>0,36</b>	<b>174</b>	<b>7,98</b>	<b>0,73</b>	<b>39</b>	<b>10,63</b>	<b>1,81</b>	<b>7</b>	<b>14,48</b>	<b>1,08</b>	<b>4</b>

**Tafla 11:** Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi urriðaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2006.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1												
Vatnsdalsá-st. 2												
Vatnsdalsá-st. 3	0,70		1	6,95	1,42	8	12,37	3,61	3	33,78	8,34	4
Vatnsdalsá-st. 5	0,97	0,18	12	4,60		1						
Vatnsdalsá-st. 7	1,00	0,23	29	5,20		1						
Vatnsdalsá-st. 8	0,79	0,20	52									
Vatnsdalsá-st. 9				8,90		2						
Álka-staður 2												
Álka-staður 3							11,50		1			
Hólkotskvísl-st. 5												
Vaglaskvísl-st. 3	1,06	0,35	14	6,50	1,38	10	11,90		2			
Tunguá-staður 2	0,76	0,23	34	7,71	2,12	10	34,60		1			
Kornsá-staður 4	0,91	0,17	32	5,51	0,91	7						
<b>Samtals</b>	<b>0,87</b>	<b>0,24</b>	<b>174</b>	<b>6,77</b>	<b>1,76</b>	<b>39</b>	<b>15,29</b>	<b>8,80</b>	<b>7</b>	<b>33,78</b>	<b>8,34</b>	<b>4</b>

**Tafla 12:** Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir urriðaseiði sem veiddust í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2006 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1												
Vatnsdalsá-st. 2												
Vatnsdalsá-st. 3	1,09		1	1,11	0,04	8	1,14	0,04	3	1,10	0,03	4
Vatnsdalsá-st. 5	1,05	0,11	12	1,05		1						
Vatnsdalsá-st. 7	1,26	0,10	29	1,34		1						
Vatnsdalsá-st. 8	1,33	0,09	52									
Vatnsdalsá-st. 9				1,34		2						
Álka-staður 2												
Álka-staður 3							1,02		1			
Hólkotskvísl-st. 5												
Vaglaskvísl-st. 3	1,40	0,11	14	1,36	0,08	10	1,39		2			
Tunguá-staður 2	1,24	0,08	34	1,37	0,05	10	1,16		1			
Kornsá-staður 4	1,24	0,11	32	1,41	0,13	7						
<b>Samtals</b>	1,27	0,12	174	1,31	0,14	39	1,20	0,15	7	1,10	0,03	4

**Tafla 13:** Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m<sup>2</sup> eftir aldri og rafveiðistöðvum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m <sup>2</sup> )				
	0+	1+	2+	3+	Samtals
Vatnsdalsá-st. 1	4,4	152,3	186,9	94,1	437,6
Vatnsdalsá-st. 2	1,1	25,2	68,9	38,7	133,9
Vatnsdalsá-st. 3	0,8	110,8	110,9	34,0	256,5
Vatnsdalsá-st. 5	3,9	26,3	69,2	13,5	112,9
Vatnsdalsá-st. 7	3,0	63,8	26,2	23,0	115,9
Vatnsdalsá-st. 8	3,7	7,9			11,5
Vatnsdalsá-st. 9	11,1	103,5	28,3		142,8
Álka-staður 2	1,6	58,1	66,6	48,7	175,0
Álka-staður 3	3,9	206,4	277,3	143,4	631,1
Hólkotskvísl-st. 5			145,4		145,4
Vaglakvísl-st. 3	3,3	75,3	55,1	34,3	167,9
Tunguá-staður 2	5,2	105,8	80,4	7,1	198,6
Kornsá-staður 4	1,0	22,7	17,3		40,9

**Tafla 14:** Vísitala lífþyngdar (gr) bleikjuseiða á hverjum 100m<sup>2</sup> eftir aldri og rafveiðistöðvum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m <sup>2</sup> )					
	0+	1+	2+	3+	4+	Samtals
Vatnsdalsá-st. 1						0,0
Vatnsdalsá-st. 2		4,5				4,5
Vatnsdalsá-st. 3						0,0
Vatnsdalsá-st. 5	2,6					2,6
Vatnsdalsá-st. 7	12,4	1,3				13,6
Vatnsdalsá-st. 8	3,5					3,5
Vatnsdalsá-st. 9						0,0
Álka-staður 2						0,0
Álka-staður 3		10,7			23,8	34,5
Hólkotskvísl-st. 5						0,0
Vaglakvísl-st. 3						0,0
Tunguá-staður 2						0,0
Kornsá-staður 4						0,0



**Tafla 15:** Vísitala lífþyngdar (gr) urriðaseiða á hverjum 100m<sup>2</sup> eftir aldri og rafveiðistöðvum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m <sup>2</sup> )				Samtals
	0+	1+	2+	3+	
Vatnsdalsá-st. 1					0,0
Vatnsdalsá-st. 2					0,0
Vatnsdalsá-st. 3	0,4	35,6	23,8	86,6	146,5
Vatnsdalsá-st. 5	4,8	1,9			6,7
Vatnsdalsá-st. 7	7,4	1,3			8,7
Vatnsdalsá-st. 8	13,1				13,1
Vatnsdalsá-st. 9		7,9			7,9
Álka-staður 2					0,0
Álka-staður 3			7,2		7,2
Hólkotskvísl-st. 5					0,0
Vaglakovísl-st. 3	8,5	37,4	13,7		59,5
Tunguá-staður 2	11,5	34,4	15,4		61,3
Kornsá-staður 4	9,2	12,3			21,5

**Tafla 16a:** Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2001-2006 reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m <sup>2</sup> )	Meðalstærð veiðistaða (m <sup>2</sup> )	0+	1+	1+ss	2+	2+ss	3+	3+ss	4+	5+
<b>Vatnsdalsá og hliðarár</b>												
2001	14	5888	421	0,05	2,33	0,62	1,29		0,71	0,02		
2002	15	4818	321	0,25	1,97	1,16	2,20	0,02	0,91		0,10	0,02
2003	16	4798	300	3,52	4,84		1,43	0,14	1,84		0,22	0,03
2004	15	5204	347	5,29	7,71	0,67	2,26		0,26			
2005	15	3454	230	4,92	6,21		2,71		1,07		0,04	
2006	13	2822	217	4,97	19,23		6,71		1,83			
<b>Vatnsdalsá</b>												
2001	6	2437	406	0,11	3,21		0,99		0,57			
2002	7	2850	407	0,28	2,26		1,77		0,95		0,04	0,04
2003	7	2304	329	4,22	3,47		1,61		1,60		0,18	
2004	7	2183	312	4,82	10,64		1,98		0,27			
2005	7	1652	236	8,46	6,92		3,33		1,07			
2006	7	1661	237	5,47	16,20		5,79		1,55			
<b>Álka</b>												
2001	3	1600	533		1,00	0,24	2,89		1,89			
2002	3	1004	335	0,30	1,64		4,24	0,08	1,38			
2003	3	1036	345	1,41	9,94		1,03		4,25		0,76	
2004	3	1746	582	0,22	3,38	0,04	5,02		0,13			
2005	3	975	325	0,71	6,60		1,95		1,12			
2006	2	310	155	4,15	32,69		14,88		5,40			
<b>Hólkotskvísl</b>												
2001	2	715	358			3,97				0,13		
2002	2	350	175		1,67	8,67	0,33				0,58	
2003	2	520	260	7,92			0,42	1,13	1,67			
2004	2	530	265	12,75	0,50	5,00						
2005	2	358	179		0,33		0,33				0,33	
2006	1	138	138				2,90					
<b>Vaglakovísl</b>												
2001	1	350	350				0,57					
2002	1	140	140						0,71			
2003	1	185	185	6,49	2,70		2,70		0,54			0,54
2004	1	208	208		13,94		1,92		0,96			
2005	1	120	120		6,67		7,50		3,33			
2006	1	174	174	5,17	25,86		4,60		1,72			

**Tafla 16b:** Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2001-2006 reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m <sup>2</sup> )	Meðalstærð veiðistaða (m <sup>2</sup> )	0+	1+	1+ss	2+	2+ss	3+	3+ss	4+	5+
<b>Tunguá</b>												
